

ársskýrsla 2012



SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI





Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Inngangur	5
Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar	6
Starfsfólk	7
Húsnæði	8
Akranes	
Borgarnes	
Ólafsvík	
Gæðamál	9
Viðurkenning fræðslustarfs – EQM gæðakerfið	
Viðurkenning fræðsluaðila	
Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum	10
Rekstur	
Tölfræðiupplýsingar hjá Símenntunarmiðstöðinni	
Formlegir samstarfsaðilar	17
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
Fræðslusjóður	
Þróunarsjóður	
Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð	
Vinnumálastofnun	
Náms- og starfsráðgjöf	23
Náms- og starfsráðgjöf – tölfræði	
Fjarnám	25
Þjónusta við fjarnema	
Markviss – þarfagreining	28
Stóriðjuskólinn	29
Sóknaráætlun 20/20	30
Vesturland-landshlutinn	
Sameiginleg markmið að framþróun í landshlutanum	
Þróunarverkefni	30
IPA verkefni	33
IPA verkefni-SMV aðalumsækjandi	
IPA verkefni-SMV meðumsækjandi	
Samstarf	34
Samtök í framhaldsfræðslu	36
Framhaldsfræðsla á Íslandi	37
Framhaldsfræðsla erlendis	37
Lokaorð	38

Ávarp formanns stjórnar

Undanfarin ár hafa einkennst af niðurskurði í þjóðfélaginu á ýmsum sviðum og þar hafa menntamál ekki verið undanskilin. Fyrir hrun var minna af fjármagni sett í menntun hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Frá árinu 2008, eða frá upphafi hins s.k. hruns hér á landi, hefur enn verið haldið áfram að skerða fjármagn til menntunar, þvert á það sem nágrannalönd okkar gerðu í sínum hremmingum. Það er staðreynd að of litlu fjármagni hefur verið varið í menntakerfi okkar Íslendinga, kerfið er löngu komið að þolmörkum og bilið milli atvinnulífs og menntunar eykst enn frekar.



Atvinnulífið og menntakerfið verða að vinna saman og þar koma símenntunarmiðstöðvar afar sterkar inn. Símenntunarmiðstöðvar búa yfir viðtækri sérþekkingu á uppbyggingu fræðslumála innan fyrirtækja, þar eru sérfræðingar á hverju sviði sem hafa gríðarlega þekkingu á námsúrræðum hverskonar, fyrir faglærða sem og ófaglærða á mismunandi skólastigum. Sérfræðingar hjá símenntunarmiðstöðvum hafa beina tengingu inn í ráðuneyti og ýmsar menntastofnanir, hafa góða þekkingu á styrkjakerfum og eru í mjög virkum samskiptum við íbúa sinna svæða. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa ennfremur á sínum snærum sérfræðinga á ýmsum fræðasviðum sem geta komið að þróunarvinnu og framkvæmd hverskonar námskeiða og námsúrræða.

Algengara hefur orðið nú í seinni tíð að fyrirtæki, sérstaklega stærri fyrirtæki, starfræki starfsmannaskóla innanhúss. Í því er fólgin ákveðin hagræðing fyrir viðkomandi fyrirtæki og starfsmenn fyrirtækisins; hægt er að nýta innanhússþekkingu, húsa- og tækjakost og um leið lágmarka allan ferðakostnað starfsmanna. Það er þó ekki síður nauðsynlegt fyrir starfsmannaskóla að hafa beinan aðgang að öflugri vottaðri símenntunarmiðstöð á sínu landssvæði.

Umræðan á því að snúast um gæði, afrakstur og samvinnu en ekki hvar sé hægt að skera niður, fækka og útrýma.

Ég vil óska Símenntunarmiðstöð Vesturlands til hamingju með gæðavottun EQM (European Quality Mark) sem stofnunin hlaut eftir þrotlausa og markvissa undirbúningsvinnu.

Guðrún Lárusdóttir

formaður stjórnar Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi og endurmenntunarstjóri Landbúnaðarháskóla Íslands.

Inngangur

Símenntunarmiðstöðin hefur nú starfað allt frá 1999 eða í 13 ár og ljóst að mikið vatn hefur runnið til sjávar í framhaldsfræðslu frá stofnun Símenntunarmiðstöðvarinnar. Ákveðin þáttaskil urðu í starfseminni með formlegum samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2006, en með þeim samningi fylgdi fjármagn sem veitt er í hinar ýmsu námsleiðir og náms- og starfsráðgjöf.

Meginmarkmiðin í samningi Símenntunarmiðstöðvarinnar við ríkið er að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Þjónusta á sviði framhaldsfræðslu skal veitt og þróuð í samstarfi meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila.

Símenntunarmiðstöðin á líka að vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhalds- og háskólastigi á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Markmiðin eru fjölbreytt og krefjandi og þess eðlis að erfitt er að ná þeim nema með mjög góðu samstarfi hlutaðeigandi aðila.

Sveigjanleiki einkennir starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar og sést það glögglega í tölum yfir starfsemina. Atvinnuleitendum fjölgaði verulega á Vesturlandi skömmu eftir hrun og í ljósi þess fóru Símenntunarmiðstöðin og Vinnumálastofnun á Vesturlandi í stóraukið samstarf, bæði varðandi að skipuleggja nám fyrir atvinnuleitendur og bjóða upp á ráðgjafaviðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa.

Nú hefur dregið úr atvinnuleysi og að sama skapi eru færri námskeið fyrir atvinnuleitendur en meira farið inn í fyrirtæki og stofnanir þar sem gerðar eru fræðsluáætlanir og skipulagt nám fyrir starfsfólkið.

Innan framhaldsfræðslunnar hafa verið gríðarlega miklar breytingar á stuttum tíma og verkefnin fjölbreytt og mörg. Símenntunarmiðstöðvarnar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í menntakeðjunni og munu áfram leggja sitt að mörkum til að hækka menntastigið á Íslandi og miðla þekkingu hvort sem hún er bókleg eða verkleg.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar

Árið 2012 voru haldnir 2 formlegir stjórnarfundir og aðalfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar var haldinn 31. maí 2012.

Á aðalfundinum voru venjuleg aðalfundarstörf, auk þess sem fengnir voru tveir gestafyrirlesarar, annars vegar Ingunn Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri starfsþróunar hjá Akureyrarbæ sem fjallaði um starfsmenntunarsjóði og símenntun starfsmanna hjá Akureyrarbæ og hins vegar Kristín Njálsdóttir framkvæmdastjóri Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar sem fjallaði um tilgang fræðslusjóðanna og mikilvægi þess að atvinnurekendur bjóði starfsfólki sínu upp á markvissa fræðslu og þjálfun í starfi.

Samkvæmt skipulagsskrá skal skipa 6 aðila í stjórn á aðalfundi til tveggja ára í senn. Árið 2011 var kosið í stjórn og engar breytingar urðu á skipan stjórnar frá árinu áður. Þeir sem sátu í stjórn árið 2012 eru:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Atli Harðarson	Jens B. Baldursson
Fyrirtæki/stofnanir	Guðjón Brjánsson	Róbert Jørgensen
Háskólinn á Bifröst	Geirlaug Jóhannsdóttir	Ingibjörg Guðmundsdóttir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Guðrún Lárusdóttir	Guðríður Helgadóttir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Jón Eggert Bragason	Hrefna B. Jónsdóttir
Stéttarfélagin	Signý Jóhannesdóttir	Inga Birna Tryggvadóttir

Formaður stjórnar er Guðrún Lárusdóttir, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands.



Starfsfólk

Þann 31. desember 2012 voru fimm einstaklingar á launaskrá í 4,5 stöðugildum en þeir eru:

Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri
Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
Hekla Gunnarsdóttir verkefnastjóri
Kristín Björg Árnadóttir verkefnastjóri
Svava Björg Svavarsdóttir skrifstofustjóri



Svava Björg



Guðrún Vala



Inga Dóra



Kristín Björg



Hekla

Fjöldi verktaka starfar hjá Símenntunarmiðstöðinni á ári hverju og eru þeir ráðnir í afmörkuð verkefni hverju sinni. Á árinu 2012 voru 107 verktakar hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi.

Húsnæði

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi rekur þrjár starfsstöðvar; á Akranesi, í Borgarnesi og í Ólafsvík.

Húsnæði	Staður	Heimilisfang	Leigusali
Skrifstofur og kennslustofur	Borgarnes	Bjarnarbraut 8	Fasteignir ríkisins
Skrifstofa og kennslustofur	Akranes	Suðurgata 57	Akraneskaupstaður
Skrifstofa	Ólafsvík	Kirkjutún 2	Áttthagastofa Snæfellsbæjar

Akranes

Um mitt ár 2012 var tekin ákvörðun hjá Akraneskaupstað að kaupa gamla Landsbankahúsið að Suðurgötu 57 á Akranesi. Símenntunarmiðstöðin kemst þar með í langþráða aðstöðu á Akranesi og hefst starfssemi á árinu 2013 á nýjum stað.



Símenntunarmiðstöðin hefur aðstöðu á jarðhæð en þar eru tvær kennslustofur og tvær skrifstofur. Í Landsbankahúsinu eru einnig Skagastaðir og endurhæfingarhúsið Hver með aðstöðu, sem og hluti af félagsþjónustu Akraneskaupstaðar. Yfir sumartímann deilir Símenntunarmiðstöðin hluta neðstu hæðarinnar með Upplýsingamiðstöð ferðamála á Akranesi.

Borgarnes

Starfsstöð Símenntunarmiðstöðvarinnar í Borgarnesi er að Bjarnarbraut 8. Símenntunarmiðstöðin hefur frá upphafi haft aðstöðu í þessu húsnæði, en með auknum umsvifum hefur fermetrunum fjölgað sem Símenntunarmiðstöðin hefur til umráða í húsinu.



Auk Símenntunarmiðstöðvarinnar eru Samtök sveitarfélaga þar með aðstöðu, Atvinnuráðgjöf Vesturlands, Vaxtarsamningur og Menningarsamningur Vesturlands, Verkís, Héraðsdómur Vesturlands, KPMG, Nepal –hugbúnaður, UMÍS ehf. – Environice og TAK-malbikun ehf.

Ólafsvík

Starfsstöð Símenntunarmiðstöðvarinnar er að Kirkjutún 2 í Ólafsvík. Símenntunarmiðstöðin leigir aðstöðu af Átthagastofu fyrir starfsmann Símenntunarmiðstöðvarinnar, en í húsnæðinu er einnig aðstaða til að vera með kennslu og leigir Símenntunarmiðstöðin þá aðstöðu eftir þörfum. Einnig er kominn fjarfundabúnaður í Átthagastofu sem nýtist þá bæði fyrir nemendur í háskólanámi og opnar jafnframt á möguleika á fjarnámskeiðum.



Símenntunarmiðstöðin er með útgefin starfsleyfi af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands fyrir allar starfsstöðvarnar. Auk þess hefur Símenntunarmiðstöðin fengið afnot af húsnæði verkalyðsfélaga, félaga-samtaka og fleiri á Vesturlandi sem skiptir stofnunina verulega máli til að geta boðið upp á námskeið um allt Vesturland.

Gæðamál

Viðurkenning fræðslustarfs - EQM gæðakerfið

Árið 2012 hélt starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar áfram þeirri vinnu sem farið var af stað með árið 2011 í samstarfi við ráðgjafa-fyrirtækið ALTA.

Með samstarfinu við ALTA var unnið að því að breyta verklagi Símenntunarmiðstöðvarinnar, þannig að miðstöðin geti áfram veitt skilvirka og góða þjónustu og staðið undir starfsskyldum sínum, í takt við breyttar kröfur í starfsumhverfinu og óskir og þarfir notenda sinna og samningsaðila. Einnig að gera starfsfólk betur í stakk búið til að takast á við breytt hlutverk og verklag, m.a. með því að auka færni þeirra og þekkingu, t.d. í verkefnisstjórnun og auka þar með starfsánægju hjá Símenntunarmiðstöðinni.



Í framhaldi af þessari vinnu var hafinn undirbúningur við að innleiða gæðakerfi samkvæmt gæðaviðmiðum EQM, setja saman gæðahandbók fyrir starfsfólk og stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar og að lokum var sótt um formlega vottun.


Það er BSI á Íslandi sem sér um vottunina og var sóttur einn undirbúningsfundur hjá þeim á haustmánuðum og gæðaúttektin fór svo fram um miðjan desember. Rétt fyrir jól barst svo staðfesting á því að Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi hefði hlotið gæðavottun EQM.

Viðurkenning fræðsluaðila


Símenntunarmiðstöðin hefur sótt um viðurkenningu fræðsluaðila, samkvæmt framhaldsfræðslulögum nr. 27/2010. Umsóknin er í ferli innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins og þess er vænst að Símenntunarmiðstöðin hljóti viðurkenninguna árið 2013.

Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum


Rekstur



Skipting tekjuliða 2011






Skipting tekjuliða 2012




Tölfræðiupplýsingar hjá Símenntunarmiðstöðinni

Á árinu 2012 voru 1.075 þátttakendur á námskeiðum og í lengra námi hjá Símenntunar-miðstöðinni. Konur voru 733 eða 68% og karlar voru 342 eða 32% af heildarfjölda þátttakenda. Alls voru 92 námskeið haldin á árinu 2012, kennslustundir voru 3.021 og nemendastundir 41.075. Nemendastundir samanstanda af fjölda nemenda*kennslustundafjölda.







Kynjaskipting á námskeiðum 2011




Kynjaskipting á námskeiðum 2012




Nemendastundir 2007-2012




Fjöldi nemenda 2007-2012




Fjöldi kennslustunda 2007-2012




Skipting nemendastunda 2012



Skipting þátttakenda í námi hjá Símenntun 2012



Myndir úr starfinu





Formlegir samstarfsaðilar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Árið 2011 gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við Símenntunarmiðstöð Vesturlands um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum og er þessi samningur byggður á umræddum framhaldsfræðslulögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2014. Í samningnum segir m.a.:

Meginmarkmið með samningi þessum eru að Símenntunarmiðstöðin mun

- vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Þjónusta á sviði framhaldsfræðslu skal veitt og þróuð í samstarfi meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila,
- vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhalds- og háskólastigi á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Símenntunarmiðstöðin fær rekstrarframlag á fjárlögum og er upphæðin háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

– Fræðslusjóður og Þróunarsjóður

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Fara skal með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir;

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald,
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf,
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Ráðherra skipar Fræðslusjóði níu manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvort, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Félag íslenskra framhaldsskóla tilnefna einn fulltrúa hvort, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og félags- og tryggingamálaráðherra einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs setur sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir. Í þeim skal koma fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum.

Fræðslusjóður er þannig skipaður:

Aðalmenn:

Jón Torfi Jónasson, formaður, skipaður án tilnefningar

Atli Lýðsson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands

Halldór Grönvold, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands

Garðar Hilmarsson, tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja

Olga Lía Garðarsdóttir, tilnefnd af Félagi íslenskra framhaldsskóla

Anna Kristín Gunnarsdóttir, tilnefnd af velferðarráðuneyti

Guðfinna Harðardóttir, tilnefnd sameiginlega af fjármálaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Guðrún Eyjólfsdóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins

Álfheiður Mjöll Sívertsen, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins.¹

Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar námsleiðir samkvæmt námskrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og í raunfærnimat.

Símenntunarmiðstöðin sótti um rétt tæpar 25 milljónir til Fræðslusjóðs, í vottað og viðurkennt nám, en fékk úthlutað 19.700.000 fyrir árið 2012.

Námsleiðir

Framkvæmdar námsleiðir	Markhópur	Námskeið	Fj.þáttt.	Fj.kest
vor	Akranes	Atvinnuleitendur	Landnemaskóli I	7 120
vor	Akranes	Atvinnuleitendur	Landnemaskóli II	6 120
vor	Akranes	Starfsfólk HB Granda	Grunnnámsk. fyrir fiskvinnsluf.	16 60
vor	Akranes	Starfsfólk Norðuráls	Stóriðjuskólinn - grunnnám	31 300
vor	Borgarnes	Starfsfólk á dvalarheimilum og HVE	Fagn.sk.fyrir starfsm. í félags og heilbrigðisþ.	15 66
haust	Akranes	Starfsfólk HB Granda	Stóriðjuskólinn - grunnnám	31 300
haust	Akranes	Atvinnuleitendur	Þjónustuliðar	6 60
haust	Akranes	Atvinnuleitendur	Þjónustuliðar fyrir innflytjendur	14 60
haust	Akranes	Atvinnuleitendur	Skref til sjálfshjálpar	5 60
haust	Borgarnes		Meðferð matvæla	12 60
			Samtals	143 1206

Óframkvæmdar námsleiðir	Markhópur	Námskeið	Fj.þáttt.	Fj.kest
Vor	Akranes	Starfsfólk dvalarheimila og HVE	Þjónustuliðar	10 60
Vor	Snæfellsnes	Fiskv.fyrirtæki	Fiskvinnslun.	10 60
Haut	Stykkishólmur	Starfsfólk á dvalarheimilum og HVE	Heilbrigðis- og félagsþjónusta III (annar hluti)	10 60
Haut	Vesturland	Fólk með stutta formlega skólag.	Menntastoðir, hálf námsleið[2]	15 330

¹ Upplýsingar fengnar á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is



Hér er yfirlit yfir þær námsleiðir, samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem fékkst fjármagn í en ekki tókst að koma öllu í framkvæmd og eru ýmsar skýringar á því.

Athyglisverðast er að ekki tókst að koma Menntastöðum í framkvæmd í dreifnámi. Þetta námstækifæri var auglýst í staðarmiðlum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra en þrátt fyrir það tókst ekki að koma þessu námi á laggirnar vegna lítillar þátttöku. Námið er 660 kennslustundir og átti að ná yfir tvær annir. Gert var ráð fyrir staðlotu í upphafi fyrri annar og eins í upphafi seinni annar, en síðan færi námið fram í fjarnámi.

Gera má því skóna að það hefði þurft lengri tíma til að kynna þessa nýjung, en það þarf meira að hafa fyrir því að ná til markhópsins, þ.e. þeirra sem hafa stutta formlega menntun. Þess má geta að það hefur verið reynt að bjóða upp á Menntastöðir á Austfjörðum og á Suðurlandi en ekki náðist í nægilega marga þátttakendur.

Þróunarsjóður

Hlutverk Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sjóðurinn starfar undir stjórn Fræðslusjóðs sem ákveður fjárhæð til úthlutunar á hverju ári.

Í úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu eru:

Kristín Njálsdóttir

Garðar Hilmarsson

Friðrik Friðriksson

Marianna Traustadóttir

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir²

Árið 2012 fékk Símenntunarmiðstöðin styrk í verkefnið „Í atvinnuleit-þjálfun fyrir innflytjendur og mat á námi“. Símenntunarmiðstöðin var einnig samstarfsaðili í tveimur verkefnum. Hér að neðan er stutt yfirlit yfir verkefnin:

Í atvinnuleit-þjálfun fyrir innflytjendur og mat á námi

Innflytjendur á Íslandi eru af ólíkum uppruna með mismunandi reynslu og menntun og með fjölbreyttan menntunarlegan bakgrunn. Margir þeirra hafa flutt hingað til að vinna og ætla sér að vera tímabundið og hafa þess vegna ekki gert ráð fyrir starfsframa hérlandis, heldur vinna þau störf sem þeim bjóðast. Tíminn hefur leitt í ljós að margir í lengjast hér og eru núna hlutfallslega fleiri atvinnulausir en Íslendingar. Menntun, hæfni og starfsreynsla innflytjenda er vannýttur auður og er markmiðið með verkefninu að kortleggja og meta raunfærni þeirra, þeim sjálfum og samfélaginu til heilla. Mikilvægt er að viðurkenna og staðfesta menntun og starfsréttindi og aðstoða þá við að finna viðeigandi menntun ef upp á vantar miðað við íslenskar kröfur. Það er þeim hvatning til starfsþróunar og starfsframa hér sem skilar sér í betri nýtingu mannauðs í atvinnulífinu til lengri tíma er lítið. Þátttakendur fara í gegnum skimunarviðtal hjá náms- og starfsráðgjafa, gera færnimöppu í hópvinnu og útvega gögn og pappíra um fyrrum nám og störf. Mat á raunfærni fer fram í samvinnu við

² Tekið af vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins; www.frae.is

hagsmunaaðila. Í framhaldinu er náms- og starfsráðgjöf veitt áfram og þátttakendum fylgt eftir eins og með þarf.

➤ Veittur styrkur í verkefnið: 800.000 kr.

Við erum hér fyrir þig/þjónustunámskeið í ferðabjónustu

Farskólinn á Norðurlandi vestra er aðalumsækjandinn og Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Fræðslumiðstöð Vestfjarða eru samstarfsaðilar.

Markmiðið með þessu verkefni er að að svara kalli atvinnulífsins; ferðabjónustuaðila og verslunareigenda á landsbyggðinni fyrir stutt þjónustunámskeið fyrir starfsfólk sem á í samskiptum við viðskiptavinum. Með því að gera stutt og hnitmiðað þjónustunámskeið aðgengileg sem flestum starfsmönnum má auka þekkingu og færni þeirra í að taka á móti viðskiptavinum á faglegan hátt. Betri þjónusta starfsmanna leiðir að endingu til betri afkomu fyrirtækja. Með því að bjóða uppá stutt námskeið á viðráðanlegu verði gefst stærri hópi fyrirtækja möguleiki á að auka hæfni starfsmanna sinna, jafnvel þótt um stuttar ráðningar sé að ræða eins og yfir sumartímann.

Markmiðið er að hanna og tilraunakenna eitt þjónustunámskeið á starfssvæði miðstöðvanna sem standa að umsókninni.

➤ Veittur styrkur í verkefnið: 963.000 kr.

Heilsu og tómstundabraut

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er aðalumsækjandinn en Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi samstarfsaðili.

Meginmarkmiðið með náminu er að efla virkni fólks með fötlun til áframhaldandi náms eða þátttöku á vinnumarkað og hófst námið í september 2012 og skiptist á 2 annir, alls 198 kennslustundir. Á Vesturlandi fór kennslan fram í Borgarnesi og var kennt 3 daga vikunnar, 2 klst í senn. Fjórir nemendur stunduðu námið í Borgarnesi og fimm nemendur á Vestfjörðum.

Meginþættirnir sem voru kenndir á Heilsu- og tómstundabraut voru Ég get þori og vil (sjálfsstyrking – samskipti), Að standa á eigin fótum (matreiðsla-innkaup-fjármál-hollusta), heilsa og vellíðan (kynfræðsla, snyrting og útlit), líkamsrækt (líkamsræktarstaður, sundlaug) sköpun (myndlist-tónlist-leiklist), tölvuvinnsla (kvikmyndagerð-myndvinnsla) verkefnavinna (umræðuhópur-úrvinnsla).

Nemendur voru áhugasamir, ánægðir og ástundun var góð. Mikil samkennd ríkti í hópunum og náðu þeir að tengjast nokkuð vel og aðstoðuðu hvern annan. Veganestið var samvinna, jákvæðni, áræðni og sköpun.

Fulltrúar Símenntunarmiðstöðvarinnar og Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða vinna að gerð námskráar fyrir brautina og vonandi geta fleiri símenntunarmiðstöðvar kennt eftir þessari námskrá í framtíðinni.

➤ Veittur styrkur í verkefnið: 5.950.000 kr.



Hér má sjá handverk unnið á námskeiðinu
Leður, skinn og skart.



Handverk unnið á námskeiðinu
Leður, skinn og skart.



Námskeið í myndlist.



Vettfangsferð í tengslum við námskeið í Laxdælu.

Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við Fjölmennt- símenntunar og þekkingarmiðstöð þar sem m.a. er kveðið á um að bjóða upp á fjölbreytt námskeið fyrir fólk með fötlun um allt Vesturland.

Helga Björk Bjarnadóttir þroskajálfi starfar sem verktaki hjá Símenntunarmiðstöðinni og hefur umsjón með námi fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.

Á árinu 2012 voru almenn námskeið, fyrir fólk með fötlun, 12 talsins og 67 þátttakendur. Konur sem sóttu námskeiðin voru 20 talsins á móti 49 karlmönnum og meðalaldur þátttakenda er 39 ár.





Matargerð á Heilsu- og tómstundabraut.



Útskriftarhópur ásamt tveimur leiðbeinendum á Heilsu- og tómstundabraut.

Árið 2012

Staður	Námskeið	Fj. þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur
Akranes	Leiklist/kvikmyndagerð	3	23	69	0	3	33,6
Akranes	Dans	9	11	99	2	7	28,4
Borgarnes	Verum með!	7	14	98	1	6	40,6
Borgarnes	Listasmiðja	8	27	216	3	5	32,6
Borgarnes	Myndlist	4	36	144	3	1	29,3
Dalir	Ljósmyndun og myndvinnsla í tölvum	4	18	72	0	4	57,8
Dalir	Fjölmennt - Ljósmyndun og myndvinnsla í tölvu	4	18	72	2	2	57,3
Dalir	Myndlist	5	38	190	4	1	62,4
Dalir	Myndlist	4	60	240	2	2	64,3
Snæfellsbær	Myndlist	7	6	42	1	6	21,1
Snæfellsbær	Umræðuhópur	5	15	75	1	4	22,2
Snæfellsbær	Listasmiðja	7	12	84	1	6	21,1
Samtals		67	278	1.401	20	47	39

Vinnumálastofnun

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í miklu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi, allt frá hrúni og endurspeglast það í fjölda námskeiða hjá Símenntunarmiðstöðinni síðustu 3 árin. Árið 2012 voru 29 námstækifæri með 262 þátttakendum á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar í samstarfi við Vinnumálastofnun. Konur voru 120 en karlar ívið fleiri eða 142 og meðalaldur þátttakenda var 47 ár.

Hér má sjá nánari upplýsingar um námtækifæri fyrir atvinnuleitendur á árinu 2012 og samanburð á milli ára:

Atvinnuleitendur í námi hjá SMV 2009-2012

Ár	Fj. námskeiða	Fjöldi þáttt.	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. kvenna	Fj. karla	Meðalaldur	% af heildarfjölda nem.stunda
2012	29	262	1,365	11,993	120	142	47	29
2011	36	359	2,610	27,497	161	198	42	71
2010	46	468	2,902	33,616	231	238	38	66
2009	9	90	296	3,169	47	40	40	11

Yfirlit yfir námskeið fyrir atvinnuleitendur á Vesturlandi

Staður	Námskeið	Fj. þáttt	Fj. kest.	Fj. nem.st.	Fj. Kvenna	Fj. Karla	Meðalaldur
Akranes	Vmst - Landnemaskóli I	7	120	840	4	3	42.1
Akranes	Vmst - Landnemaskóli II	6	120	720	6	0	36.7
Akranes	Vmst-Hlíðargassuða	7	42	294	0	7	50.4
Akranes	Vmst- Kvíðastjórnun	11	12	132	6	5	36.6
Akranes	Vmst - Lífsgæði 60+	8	30	240	1	7	65.4
Akranes	Vmst - Lífsgæði 60+	9	30	270	2	7	66.2
Akranes	Vmst - Rafsuða	4	42	168	0	4	56.5
Akranes	Vmst - Rafsuða	7	42	294	0	7	47.6
Akranes	Vmst - Tölvur Excel	7	27	189	3	4	56.7
Akranes	Vmst - Tölvur byrjendur	12	27	324	5	7	60.4
Akranes	Vmst- Íslenska fyrir útlendinga	11	60	660	7	4	37.9
Akranes	Vmst- Íslenska fyrir útlendinga	15	60	900	10	5	40.7
Akranes	Vmst - Vélgæsla	12	85	1020	0	12	43.7
Akranes	Vmst - Excel grunnur	10	27	270	4	6	39
Akranes	Vmst - Þjónustuliðar	6	60	360	6	0	41.5
Akranes	Vmst - Þjónustuliðar fyrir innflytjendur	14	60	840	14	0	40.9
Akranes	Vmst - Skref til sjálfshjálpar	5	60	300	1	4	38.4
Akranes	Vmst - Lífsgæði-sjálfstyrking-kvíðastjórnun	11	18	198	11	0	43.3
Akranes	Vmst - Íslenska fyrir útlendinga	14	60	840	3	11	41.9
Akranes	Vmst - Grunnfærni í tölvum, netið o.fl.	9	27	243	1	8	61
Borgarnes	Vmst - Lífsgæði-sjálfstyrking-kvíðastjórnun	6	18	108	6	0	62
Borgarnes	Vmst - Meðferð matvæla	12	60	720	4	8	37
Borgarnes	Vmst - Kvíðastjórnun	9	12	108	5	4	54
Borgarnes	Vmst - Tölvur Excel	11	27	297	5	6	47.2
Borgarnes	Vmst - Tölvur byrjendur	10	27	270	2	8	56.9
Grundarfjörður	Vmst- Frumkvöðlasmiðja	4	80	320	2	2	37.8
Grundarfjörður	Vmst - Kvíðastjórnun	9	12	108	9	0	47.7
Grundarfjörður	Vmst - Íslenska fyrir útlendinga	8	60	480	1	7	34.3
Snæfellsbær	Vmst - Íslenska fyrir útlendinga	8	60	480	2	6	32.4
	Samtals	262	1,365	11,993	120	142	47

Náms- og starfsráðgjöf

Ráðþegar á Vesturlandi leita í auknum mæli sjálfir eftir náms- og starfsráðgjöf og því hefur dregið úr vinnustaðakynningum, en um leið hefur námsráðgjöfin verið vel kynnt í námsleiðunum, til að ná til markhópsins.

Samstarfsaðilar eru Rauði kross Íslands Akranesdeild, Skagastaðir (virkniáttak fyrir unga atvinnuleitendur), Vinnumálastofnun, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Stéttarfélag á Vesturlandi, Virk starfsendurhæfing og Endurhæfingarhúsið Hver.

Áherslur í náms- og starfsráðgjöf tóku mið af samfélaginu og því talsvert um ferilskrágerð, aðstoð við atvinnuleit og gerð atvinnuumsókna og starfsþróun. Ennfremur áhugasviðsþróf, lesblindugreining, aðstoð við námsleit og umsóknir um skóla auk persónulegrar ráðgjafar.

Náms- og starfsráðgjöf við innflytjendur fer vaxandi með ári hverju. Slík ráðgjöf getur varpað ljósi á fleiri tækifæri og möguleika fólks í atvinnuleit og ýtt undir nýtingu mannauðs. Þeir eru gjarnan í þeim sporum að sækja sér starfsréttindi, láta meta gögnin sín frá heimalandinu og /eða í námi hérlandis. Erlendir atvinnuleitendur hafa margir komið í einstaklingsráðgjöf til ráðgjafa Símenntunar, t.d. til að láta meta íslenskukunnáttu m.t.t. atvinnuumsöguleika, til að fá aðstoð við gerð ferilskrár á íslensku og umsóknir.

Náms- og starfsráðgjöfin er kynnt tvisvar á ári í námsvísi Símenntunarmiðstöðvarinnar, og upplýsingar eru á heimasíðunni auk Facebókarsíðu. Námsvísinum er dreift í hvert hús á Vesturlandi og á Kjalarnesi. Kynningar fara fram í fyrirtækjum og á vinnustöðum, auk kynninga í námsumhverfinu fyrir það fólk sem er í námsleiðum og á námskeiðum og hugsar sér eitthvert framhald, eða veit ekki hvert skal stefna. Á árinu 2012 var sérstök áhersla lögð á nemendur Stóriðjuskólans sem fengu allir einstaklingsviðtöl, ráðgjöf og námstækni. Ráðgjöfin hefur líka verið kynnt í bæklingi á vegum Rauða Kross Íslands Akranesdeildar.

Símenntunarmiðstöðin sinnti náms- og starfsráðgjöf fyrir Vinnumálastofnun en sú ráðgjöf fór fram í verktöku að mestu. Því sinntu Björn Hafberg, Gísli Baldvinsson og Marín Björk Jónasdóttir. Ef atvinnuleitendur leituðu sjálfir eftir viðtölum áfram (hjá náms- og starfsráðgjafa Símenntunarmiðstöðvarinnar) beindist sú ráðgjöf að eftirfylgni, þ.e. þegar ráðþegar þurfa nánari aðstoð eða upplýsingagjöf við ákveðna þætti.

Náms- og starfsráðgjöf – Tölfræði

Tölfræði um náms- og starfsráðgjöf hjá Símenntunarmiðstöðinni árið 2012:

Kyn	
Karl	194
Kona	174
Samtals	368

Staða á atvinnumarkaði	
Annað	9
Atvinnuleitandi	206
Hlutastarf og hlutabætur	33
Í námi	5
Í starfi	83
Starfsendurhæfing	23
Öryrki	6
Samtals	368

Skólastig	
Framhaldssk. (lauk ekki)	118
Grunnskóli	80
Háskólapróf	43
Iðn- eða starfsmenntun	91
Stúdentspróf	30
Óskráð	6
Samtals	368

Aldursbil	
0 - 25 ára	56
26 - 40 ára	163
41 - 55 ára	98
56 og eldri	51
Samtals	368

Þjóðerni ráðþega	
Bahamas	1
Guatemala	1
Indland	2
Írak	8
Ísland	327
Litháen	1
Morocco	2
Palestína	1
Filipseyjar	2
Pólland	18
Portúgal	1
Rússland	1
Tansanía	1
Óskráð	2
Samtals	368



Fjarnám

Þjónusta við fjarnema

Símenntunarmiðstöðin þjónustar fjarnema samkvæmt samningi við mennta- og menningar-
málaráðuneytið.

Framboð fjarnáms á háskólastigi eykst stöðugt og við flesta íslenska háskóla er boðið
upp á fjarnám af einhverju tagi. Kennsluaðferðir eru samkvæmt ákvörðun skóla hverju
sinni. Sumar námsbrautir gera ráð fyrir að nemendur stundi námið eingöngu í gegnum
tölvubúnað, aðrar gera ráð fyrir notkun á myndfundabúnaði, sumar námsbrautir gera þá
kröfu til nemenda að þeir mæti í námslotur meðan aðrar gera minni kröfur um slíkt. Nám
er í vissum tilfellum háð því að ákveðinn fjöldi náist í námshópa og ræðst þá staðsetning
af myndfundabúnaði og nemendahópi.


Símenntunarmiðstöðin kynnir fjarnám á háskólastigi, veitir fjarnemum þjónustu í náms-
verum þar sem eru myndfundabúnaðir, tölvutengingar og umsjón með próftöku. SMV veitir
jafnframt ráðgjöf og upplýsingar til verðandi fjarnema og nemenda í námi. Námsráðgjöf er
einnig veitt hjá öllum háskólunum og Símenntunarmiðstöðinni.

Íbúar á Vesturlandi, sem eru í fjarnámi við íslenska háskóla, gefst kostur á að taka prófin í
heimabyggð á Vesturlandi. Próftaka fer að mestu fram á eftirtöldum stöðum:


- *Bókasafnið á Akranesi*
- *Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi*
- *Húsnæði Símenntunar í Borgarnesi*
- *Áttagastofa Snæfellsbæjar í Ólafsvík*
- *Grunnskóli Snæfellsbæjar*
- *Fjölbrautaskóli Snæfellinga í Grundarfirði*
- *Grunnskólinn í Stykkishólmi*
- *Ráðhúsið í Stykkishólmi*
- *Stjórnsýsluhús Dalabyggðar*

Umsjón með þjónustu við fjarnema hefur Kristín Björg Árnadóttir.


Hér má sjá helstu tölur er varða fjölda prófa, hvar þau eru tekin og frá hvaða skólum.
Greinileg aukning hefur verið á fjölda prófa en það virðist aðeins hafa hægst á aukningunni.
Heildarfjöldi prófa fyrir árið 2012 er 577.




Þegar skoðað er hvar nemendur er að þreyta prófin þá má sjá að flestir eru á Akranesi. Það skýrist af því að hópur af hjúkrunarfræðinimum frá Háskólanum á Akureyri eru með prófstað á Akranesi. Nánast engin próf frá Háskóla Íslands eru þreytt á Akranesi vegna kílómetra-reglu hjá skólanum sjálfum – einhverjar undantekningar hafa þó verið gerðar vegna veikinda og annarra ástæðna. Töluverð fækkun er í Stykkishólmi og skýrist það af því að þó nokkrir nemendur útskrifuðust að vori 2012 og fáir hafa bæst við.



Frá hvaða skólum er verið að taka próf? 2011



Frá hvaða skólum er verið að taka próf? 2012



Einnig er áhugavert að skoða frá hvaða skólum er verið að taka próf. Hér má sjá að töluverð aukning er í próftöku frá Háskólanum á Akureyri á meðan fækkun er hjá Háskólanum á Bifröst og Háskóla Íslands. Aðrir skólar eru t.d. Keilir, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum og fleiri skólar. Þarna hefur orðið greinileg aukning og ljóst að fleiri og fleiri nemendur sækja orðið í að fá að taka prófin sín í heimabyggð sem sýnir mikilvægi þess að Símenntunarmiðstöðin geti veitt þessa þjónustu.

Markviss uppbygging starfsmanna

– Þarfagreining

Markviss (Markviss uppbygging starfsmanna) er aðferð til að vinna kerfisbundið að starfsmannaþróun í fyrirtækjum. Með Markviss er tekist á við þau verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar, þjálfunar og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna fyrirtækis eða stofnunar. Þessu skipulagi er síðan fylgt eftir og árangur af verkefninu mældur og metinn eftir því sem tölur eru á. Markviss gefur stjórnendum og starfsmönnum kost á að meta sjálfir þekkingar- og færniþörf fyrirtækisins og skipuleggja uppbyggingu sérhvers starfsmanns í samræmi við það mat. Markviss var þróað í Danmörku af samtökum iðnaðarins og hefur verið notað í fyrirtækjum á Íslandi síðan árið 2001.

Markviss aðferðin býður upp á ýmis verkfæri sem hægt er að nota þegar unnið er að starfsmannaþróun. Nauðsynlegt er að byrja á því að greina núverandi stöðu og mögulega þróun í framtíðinni.

Markviss-verkefni í Hvalfjarðarsveit

Þann 26. október 2012 undirrituðu fulltrúar frá Hvalfjarðarsveit, Sveitamennt og Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi samstarfssamning um verkefnið „Fræðslustjóri að láni“

Markmiðið með þessum samstarfssamningi var að gera þarfagreiningu með öllum almennum starfsmönnum Hvalfjarðarsveitar og í framhaldinu að móta heildstæða fræðsluáætlun sem byggir m.a. á niðurstöðum þarfagreiningarinnar.

Markvissráðgjafar hjá Símenntunarmiðstöðinni höfðu umsjón með verkefninu, en verkefnið var fjármagnað af Sveitamennt sem er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands.



Á myndinni frá vinstri eru Kristín Njálsdóttir framkvæmdastjóri Sveitamenntar, Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvarinnar, Laufey Jóhannsdóttir sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar og Kristín Björg Árnadóttir verkefnisstjóri hjá Símenntunarmiðstöðinni



Vettvangsferð í Fljótsdalsvirkjun.



Heimsókn í Alcoa Reyðarfirði.



Hluti þátttakenda í Stóriðjuskólanum. Norðurál í baksýn.



Vettvangsferð í Fljótsdalsvirkjun.

Stóriðjuskólinn

Fimmtudaginn 5. janúar árið 2012 var Stóriðjuskóli Norðuráls settur í fyrsta sinn á Grundartanga.

Símenntunarmiðstöðin rekur Stóriðjuskólann samkvæmt námskrá sem gefin er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og viðurkennd af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Símenntunarmiðstöðin gerði samstarfssamning við Fjölbrautaskóla Vesturlands, en samkvæmt þeim samningi kennir starfsfólk Fjölbrautaskóla Vesturlands ákveðna námsþætti í Stóriðjuskólanum.

Mjög mikill áhugi var á meðal starfsmanna Norðuráls á Stóriðjuskólanum. Það voru 32 einstaklingar, 29 karlar og 3 konur, sem hófu nám í grunnnáminu, en 79 starfsmenn sóttu um skólavist. Námið er þrjár annir og munu fyrstu nemendurnir útskrifast í apríl 2013.

Stefnt er að því að haustið 2013 hefji einn hópur nám í grunnnámi og einn hópur í framhaldsnámi.

Sóknarætlun 20/20

Vesturland – landshlutinn

Þann 1. janúar 2012 bjuggu 15.368 manns á Vesturlandi, þar af 12.846 í þéttbýli, eða 83,6%. Á Vesturlandi eru fjórir þéttbýlisstaðir með meira en 1.000 íbúa, þ.e. Akranes, Borgarnes, Snæfellsbær og Stykkishólmur.

Aðstæður fólks, sókn eftir þjónustu, vinnu og verslun ráðast að nokkru af vegalengdum og tíma ferðar. Sama má segja um forsendur til rekstrar fyrirtækja. Þannig hefur þéttleiki byggðar áhrif á búsetuskilyrði, en mikill munur er á milli suður- og norðursvæðis landshlutans.

Sameiginleg markmið að framþróun í landshlutanum

Ríkisstjórn Íslands samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2012 útfærslu sóknaráætlana landshluta. Í kjölfarið var m.a. hafin vinna við sóknaráætlun fyrir Vesturland og stofnaður samráðsvettvangur sem telur um 100 manns og á Símenntunarmiðstöðin 1 fulltrúa þar. Fyrsti fundurinn var haldinn í desember 2012 en gert er ráð fyrir fundi a.m.k. einu sinni á ári og er þessi vettvangur stefnumótandi fyrir ákvarðanir framkvæmdaráðs.

Þróunarverkefni

Símenntunarmiðstöðin var samstarfsaðili Fjölbrautaskóla Vesturlands í þremur verkefnum og Fjölbrautaskóla Snæfellinga í tveimur verkefnum til að sækja um styrk til eflingar starfsmenntunar 2012-2013, en þessi sjóður er byggður á verkefninu „Nám er vinnandi vegur“.

Fjölbrautaskóli Vesturlands - verkefni:

Kennsla í ensku og upplýsingatækni fyrir erlenda nemendur sem ekki lærðu ensku í grunnskóla.

Nokkur hópur fólks af erlendum uppruna sem býr á upptökusvæði Fjölbrautaskóla Vesturlands hefur ekki lært ensku í grunnskóla og á af þeim sökum erfitt með að komast gegnum námsbrautir framhaldsskóla. Markmið verkefnisins er að gefa þessu fólki kost á að læra næga ensku til að vera tilbúið í fyrstu enskuáfangi í framhaldsskóla (ENS193 og ENS102). Samhliða þessari kennslu verður boðið upp á kennslu í upplýsingatækni þar sem m.a. verður farið í notkun hjálpartækja við tungumálanám (ritvinnslu, tungutækni, heimildaleit).



Samskiptanet Rauða krossins og námsráðgjafa Símenntunarmiðstöðvarinnar er nýtt til að ná til þeirra sem þurfa á þessum námskeiðum að halda, auk þess sem Símenntunarmiðstöðin skipuleggur námskeiðin í samstarfi við Fjölbrautaskóla Vesturlands.

➤ Veittur styrkur í verkefnið: 1.500.000 kr.

Fjölbrautaskóli Vesturlands - verkefni:

Alla leið: Stuðningur og ráðgjöf fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Verkefnið er þríþætt:

- a) Búa fólk sem hyggst hefja nám í framhaldsskóla eða hefur nýlega gert það undir skólagönguna meðal annars með viðtölum við námsráðgjafa og námskeiðum fyrir nemendur og forráðamenn um íslenskt skólakerfi (þar sem túlkar eru kallaðir til þegar þörf gerist).
- b) Styðja nemendur sem eru í skólanum til að ljúka áföngum sem þeir eiga erfitt með vegna tungumálsins eða vegna þess að skólasamfélagið er þeim á einhvern hátt erfitt eða óskiljanlegt. Þetta er gert með stuðningskennslu og kennslu í námstækni í litlum (3 til 6 manna) hópum sem hittast í tvær klukkustundir á viku.
- c) Móta reglur um hvernig óformlegt nám og reynsla þessara nemenda skuli metin til eininga á námsbrautum Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Hlutverk Símenntunarmiðstöðvarinnar í verkefninu er að nýta öflugt tengslanet Símenntunarmiðstöðvarinnar við innflytjendur og vera skólanum innanhandar í að ná til foreldra barna í markhópnum og halda fund með foreldrum og túlki.

➤ Veittur styrkur í verkefnið: 1.200.000 kr.

Fjölbrautaskóli Vesturlands - verkefni:

Vökvatækni

Meginmarkmið verkefnisins er að yfirfæra þekkingu og námsefni frá alþjóðlegum samtökum vökvatækni fyrirtækja og reyna þar með að styrkja kennslu í vökvatæknigreinum við skólann. Ætlunin er að þróa markvissa en stutta námsbraut sem mun samtvinna verklegt og bóklegt nám þar sem nemendur ættu kost á að fá alþjóðleg réttindi í meðferð vökvakerfa. Mikil nýsköpun á sér stað í þróun búnaðar í tengslum við stóriðju og því mikil þörf fyrir því að uppfæra kunnáttu kennara og sjálfsögðu nemenda á þessu sviði og þá sérstaklega í tengslum við þennann sérhæfða vökvatæknibúnað í fyrirtækjunum sem staðsett eru á Grundartanga og er brýnt að efla þekkingu þeirra sem þar starfa eða koma til með að starfa á þeim vettvangi.

Hlutverk Símenntunarmiðstöðvarinnar er að þróa þetta verkefni í samstarfi við skólann og nýta þannig þessa þekkingu m.a. í Stóriðjuskólanum á Grundartanga sem og innan fleiri fyrirtækja í landshlutanum.

➤ Veittur styrkur í verkefnið: 2.000.000 kr.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga – verkefni:

Að þróa og bjóða upp á námskeið í handflökun flatfisks og golþorsks ásamt fræðslu um sjávarfang og gæðamál.

Meginmarkmiðið með námskeiðinu er að nemendurnir að vera hæfari til þess að handflaka þá fiska sem ekki henta vélum.

Hugmyndin byggir m.a. á því að þessi verkkunnátta er að deyja út en þörfin að aukast fyrir starfsfólk með þessa færni þar sem sífellt stærri hluti aflans hentar ekki þeim vélum sem eru notaðir við fiskvinnslu í dag. Að námi loknu eiga nemendur að búa yfir betri hæfni til þess að vinna eftir og virða þá gæðastaðla sem í gangi eru auk aukinnar þekkingar á lífríki sjávar.

Umsóknin var ekki samþykkt þar sem hún féll ekki að markmiðum við styrkjaúthlutun að mati matsnefndar.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga – verkefni:

Að þróa stutta (3. - 4. anna) námsbraut til framhaldsskólaprófs, sem menntar nemendur til starfa í fiskvinnslu.

Markmið með þessu námi er að nemendur búi yfir mun meiri hæfni til þess að starfa að flóknari viðfangsefnum í fiskvinnslu. Hæfnin byggir annars vegar á þekkingu á hráefninu, vinnslunni, vinnuvernd og gæðamálum og hins vegar færni til þess að leysa margvísleg verkefni sem snúa að vinnslunni.

Námið er hugsað annars vegar sem verklegt nám sem fer fram hjá fiskvinnslum á upptöku-svæði skólans og hins vegar bóklegt nám sem skipulagt er af FSN í samstarfi við samstarfsaðila og sérfræðinga Matís.

Menntaskólinn á Tröllaskaga og Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra höfðu sótt um sambærilegt verkefni. Það var að ósk sjóðstjórnar að bjóða þessum þremur skólum sameiginlegan styrk til þessa verkefnis. Skólarnir þrír samþykktu þessa skilmála og þáðu styrkinn. Verkefnið hefur verið leitt af Menntaskólanum á Tröllaskaga, en búið er að semja brautarlýsingu og hluta áfangalýsingu. Stefnan er sett á að geta sótt um leyfi til kennslu á brautinni á vorönn 2014.

Hlutverk Símenntunarmiðstöðvarinnar er að vinna með skólunum að raunfærnimati, þróun vinnustaðanáms og kynningu á náminu ekki síst með „eldri“ nemendur í huga.

➤ Veittur styrkur í verkefnið: 4.500.000 kr.



IPA verkefni

IPA verkefni – SMV er aðalumsækjandi

Á haustmánuðum 2012 vann Símenntunarmiðstöðin að IPA umsókn sem nefnist: **„Enhance entrepreneurship growth, entrepreneurship teaching and entrepreneurship culture in the West region, the West fjords region, the Northwest region and the South region“**

SSV- þróun og ráðgjöf og Menntaskóli Borgarfjarðar voru skilgreind sem „partner“ í umsókninni og eftirtaldir aðilar skilgreindir „associates“:

Fjölbrautaskóli Vesturlands, Fjölbrautaskóli Snæfellinga, Menntaskóli Ísafjarðar, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Menntaskólinn að Laugarvatni, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Farskólinn á Norðurlandi vestra, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslunet Suðurlands.

Kjarninn í verkefninu var byggður á hugmyndafræði sem notuð hefur verið í frumkvöðlasmiðjum fyrir atvinnuleitendur og ætlunin var að þróa hana áfram innan framhaldsskólanna og í samstarfi við fleiri símenntunarmiðstöðvar.

Helstu efnisatriði í smiðjunum hafa verið m.a. starf frumkvöðla og hugmyndaleit, stefnumótun og markmiðasetning, vöruþróun, markaðsrannsóknir og markaðsfærsla, fjármál, stjórnun og rekstur, gerð viðskiptaáætlana, kynningar- og sölutækni.

Með því að útvíkka verkefnið var m.a. horft til þess að:

- *Beita aðferðum frumkvöðlafræðslu innan framhaldsskólanna til að draga úr brottfalli.*
- *Styðja við og efla starfandi frumkvöðla með fræðslustarfi á vegum símenntunarmiðstöðvanna og atvinnuráðgjafar.*
- *Laða fram ný sprotafyrirtæki á námskeiðum á vegum símenntunarmiðstöðva*

Þessi IPA umsókn náði ekki í gegnum fyrri síuna, en mikill áhugi er á, samt sem áður, að leita leiða til að þróa þetta verkefni áfram og sækja um fjármagn í aðra sjóði.

IPA verkefni – SMV er meðumsækjandi

Akraneskaupstaður er aðalumsækjandi í verkefni sem nefnist „Unity in Diversity“, en Símenntunarmiðstöðin er meðumsækjandi, ásamt Borgarbyggð og Rauða kross deildunum á Akranesi og í Borgarnesi. Kjarninn í þessu verkefni er að samræma verklag þvert á stofnanir þannig að innflytjendur njóti sambærilegrar þjónustu og aðrir.

Umsóknin komst í gegnum báðar síurnar og vonandi tekst að koma þessu verkefni sem fyrst í framkvæmd.

Samstarf

Bókasafnið á Akranesi

Starfsfólk bókasafnsins á Akranesi hefur verið ötult við að aðstoða Símenntunarmiðstöðina við að þjónusta fjarnema. Fjöldi fjarnema hefur sótt fyrirlestra í fjarfundabúnaðinn, auk þess sem þeir hafa nýtt lestraraðstöðuna þar og þreytt próf.

Framhaldsskólarnir á Vesturlandi

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í mjög góðu samstarfi við framhaldsskólana á Vesturlandi og markvisst byggt brú á milli hins formlega og óformlega skólakerfis og þannig greitt götur nemenda.

FS-netið og menntabré

Símenntunarmiðstöðin á aðild að FS-netinu, sem er háhraða gagnaflutningsnet sem þjónar framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni.

Símenntunarmiðstöðin er eignaraðili að menntabrénni, ásamt öðrum fræðslu og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Hver þessarar þriggja aðila á 1/3 hlut af brúnni. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands.

➤ Nánari upplýsingar um FS-netið: www.fsnet.is



Rauði kross Íslands

– Akranesdeild

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi (SMV) og Rauði kross Íslands Akranesdeild hafa um árabil átt í góðu samstarfi. SMV hefur haft aðgang að húsnæði hjá Rauða krossinum bæði í núverandi húsnæði og því fyrra. Þessi aðgangur hefur veitt tækifæri til að halda námskeið og sinna ráðgjöf bæði við innflytjendur og aðra skjólstaðinga. Margskonar hugmyndir og framkvæmdir hafa orðið til í kjölfarið á samstarfinu. Það hefur verið ómetanlegt fyrir SMV að hafa aðgang að Rauða kross deildinni á Akranesi.

SSV-þróun og ráðgjöf

Símenntunarmiðstöðin vinnur að þróun ýmissa verkefni með ýmsum samstarfsaðilum. SSV-þróun og ráðgjöf hefur m.a. komið að samstarfi vegna frumkvöðlasmiðja.

Stéttarfélagin á Vesturlandi

Stéttarfélagin hafa verið ötul við að aðstoða Símenntunarmiðstöðina við að koma starfsemi stofnunarinnar á framfæri við sína félagsmenn. Einnig hefur Símenntunarmiðstöðin fengið afnot af húsnæði félaganna fyrir námskeið og aðstöðu fyrir náms- og starfsráðgjafa.

Vinnumarkaðsráð

Vinnumarkaðsráð var sett á laggirnar í september 2007 og starfar það samkvæmt 6. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006.

Í hvert vinnumarkaðsráð eru tveir tilnefndir af samtökum launafólks, tveir af samtökum atvinnurekenda og einn tilnefndur af sveitarfélögum. Á árinu 2012 voru haldnir tveir fundir.

Eftirtaldir skipa vinnumarkaðsráð tímabilið 2011-2015

Magnús Þór Jónsson, skipaður af velferðarráðherra, formaður
Vilhjálmur Birgisson, tiln. af Alþýðusambandi Íslands, varaformaður
Helga Hafsteinsdóttir, tiln. af Alþýðusambandi Íslands – samtök opinberra starfsmanna
Inga Dóra Halldórsdóttir, tiln. af menntamálaráðuneyti
Guðmundur Smári Guðmundsson, tiln. af Samtökum atvinnulífsins
Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, tiln. af Samtökum atvinnulífsins
Sveinn Kristinsson, tiln. af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi

Samtök í framhaldsfræðslu

- Samstarf

Kvasir

– samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Kvasir er sameiginlegur vettvangur og hagsmunasamtök ellefu símenntunarmiðstöðva á landinu. Miðstöðvarnar skiptast á að eiga fulltrúa í stjórn til tveggja ára í senn.

Á vegum samtakanna eru haldnir tveir fundir á ári, á haust- og vordögum, auk félagsfunda eftir þörfum.

➤ Nánari upplýsingar um starfsemi Kvasis: **www.fraedslumidstodvar.is**

Leikn

– samtök fullorðinsfræðslu á Íslandi

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi á aðild að Leikn, en þessi samtök eru sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvári þeirra gagnvart stjórnvöldum. Markmiðið með samtökunum er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi og að stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun, samskipti og samstarf á milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar.

➤ Nánari upplýsingar um starfsemi Leiknar: **www.leikn.is**



Framhaldsfræðsla á Íslandi

Hvar er hægt að nálgast fróðleiksmola?

Mennta- og menningarmálaráðuneytið:

www.menntamalaraduneyti.is

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/fullordinsfraedsla/>

Lög um framhaldsfræðslu 27/2010:

<http://www.althingi.is/lagas/139a/2010027.html>

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins:

www.frae.is

Gátt – ársrit fræðslumiðstöðvarinnar 2011

<http://frae.is/um-fa/gatt-arsrit/gatt-2011/>

Leikn – samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi

www.leikn.is

Kvasir – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

www.fraedslumidstodvar.is

Framhaldsfræðsla erlendis

Hvar er hægt að nálgast fróðleiksmola?

Norrænt tengslanet um fullorðinsfræðslu

<http://www.nordvux.net/>

Samtök fullorðinsfræðslu í Evrópu

www.eaea.org

UNESCO-United Nations, Educational, Scientific and Cultural Organizations

www.unesco.org

Lokaorð

Það má glöggst sjá af ofangreindu að verkefnin hjá Símenntunarmiðstöðinni eru mörg og fjölbreytt.

Símenntunarmiðstöðin skipuleggur ekki einungis námskeið, heldur tekur þátt í hinum ýmsu þróunarverkefnum, innlendum sem erlendum, veitir ráðgjöf í náms- og starfsvali og í gerð fræðsluáætlana út frá þörfum starfsfólks fyrirtækja og stofnana svo eitthvað sé nefnt. Einnig er lagt mikið upp úr samstarfi framhaldsfræðsluaðila sem er jákvætt og hvetjandi, en þannig verður til miðlun reynslu og þekkingar.

Það er göfugt og gefandi að starfa innan framhaldsfræðslunnar.

Þeim einstaklingum fer fjölgandi sem hafa fundið "neistann" hjá símenntunarmiðstöðvunum til áframhaldandi náms og hafa klárað framhaldsskóla og eða háskóla í framhaldinu eða nám til réttinda.

Mikilvægast af öllu er að skapa jákvætt, hvetjandi og notalegt námsumhverfi og taka á móti hverjum og einum þátttakenda í nám á hans forsendum.

Að þessu munum við markvisst vinna áfram.





ársskýrsla **2012**

SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐIN
á Vesturlandi